

1870.

21. júní.

mælt, að búast megi við, að það, sem á vantar, verði lagt til úr jafnaðarsjóði þess amts, sem í hlut á, hefir stjórnarráðið furðað sig mjög á því, að þér, herra amtmaður, af ótta fyrir því, að fara út yfir þá upphæð, sem ætluð var handa norður og austurumdæminu, skulið hafa leitað þeirra úrræða, af sjálfsdáðum að fella þær póstferðir úr, sem getið er um að framan, og þar á ofan einmitt þá ferðina, sem ætlazt er til að sendir verði með sýslu- og umboðsreikningar, svo þeir komi í tækan tíma, þá er á að búa til fjárhagsáætlunina og ríkisreikningana, heldur en að fara þá leið, sem stjórnarráðið hefir vísað til í fyrnefndu bréfi, að bera það upp við stjórnarráðið, að fá það fæ, er kynni á að vanta. Stjórnarráðið mælist því til, að þér, herra amtmaður, látið eptirleiðis fara þá póstferð til Reykjavíkur, sem um var getið, og sömuleiðis hinar tvær póstferðirnar milli Akureyrar og Eskifjardar, og má, ef svo ber undir, taka fæ til þess úr jafnaðarsjóðnum.

Að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið álitur það árangurslaust, að semja við póststjórnina um breytingu á hinum árlegu ferðum póstgufuskipsins nú sem stendur.

23. júní.

51. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um reikninga sýslumanna útaf skipastrandi.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi, dagsettu 2. febrúarm. þ. á. spurt, hvort það sè ekki yðar skylda, án tillits til, hvort hlutaðeigendur hafi krafizt þess eða ekki, að endurskoða og leggja úrskurð á reikninga sýslumanna yfir dagpeninga og gjaldheimtur útaf strandi hins frakkneska fiskiskips Emiliu, er var selt við opinbert uppboð. Það skal yður því til vitundar gefið hérmeð, yður til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að þessi skylda verður að heyra amtmanni til. Því skal einnig við bætt, að þér megið búast við svari uppá aðra spurningu í sama bréfi, því stjórnarráðið er nú að skrifast á um hana við aðalskattastjórnina.